

REGLUGERÐ
um breytingu á reglugerð nr. 219 20. maí 1976 um gatnagerðargjöld fyrir
Ólafsfjarðarkaupstað.

6. mgr. 14. gr. orðist þannig:

Bæjarstjórn er heimilt að veita staðgreiðsluafslátt af gjöldum þessum.

Reglugerð þessi sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Ólafsfjarðarkaupstaðar staðfestist hér með samkvæmt lögum um gatnagerðargjöld nr. 51 16. maí 1974 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 14. ágúst 1981.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

14. september 1981.

Nr. 589.

REGLUGERÐ
um breytingu á reglugerð nr. 372 25. október 1976 um vöruhappdrætti Sambands
íslenskra berklasjúklinga.

1. gr.

1. másl. 7. gr. orðist svo: Verð ársmíða er kr. 360,00 en endurnýjunarverð í hverjum flokki kr. 30.00.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 18 22. apríl 1959, sbr. lög nr. 32 5. maí 1969 og lög nr. 52 25. maí 1976, öðlast gildi 1. janúar 1982.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 596 30. október 1980.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 14. september 1981.

Friðjón Þórðarson.

Ólafur W. Stefánsson.

14. september 1981.

Nr. 590.

ARÐSKRÁ
fyrir Veidifélag Krossár.

Hlutur Skarðs	37%
Hlutur Kross	29%
Hlutur Ár	29%
Hlutur Frakkaness	4%
Hlutur Geirmundarstaða	1%

Samtals 100%

Arðskráin gildi í fimm ár.

Arðskrá þessi er gerð samkvæmt lögum nr. 76 25. júní 1970 um lax- og silungsveiði og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 14. september 1981.

Pálmi Jónsson.

Ragnheiður Árnadóttir.

21. september 1981.

GJALDSKRÁ fyrir auglýsingar í Ríkisútvarpi.

I. Hljóðvarp: (Miðað er við krónur fyrir hvert orð).

Flokkur 1

Dánartilkynningar og jarðarfarir, messur. Tapað-fundið. Góðgerðarstarfsemi kr. 9.00

Flokkur 2

Opinberar tilkynningar, auglýsingar um fundahöld. Kvikmynda- og leiksýningar. Auglýsingar um verslun og viðskipti, sem lesnar eru kl. 09:30 og kl. 16:00. kr. 15.00

Flokkur 3

Auglýsingar um verslun og viðskipti, lesnar fyrir og eftir hádegisfréttir og fyrir kvöldfréttir kr. 18.00

Flokkur 4

Allar auglýsingar og tilkynningar, hvers efnis sem er, lesnar eftir kvöldfréttir kr. 36.00

II. Sjónvarp: (Miðað er við krónur fyrir sekúndur).

7 sek.	kr.	1 250
10 —	—	1 940
15 —	—	2 430
20 —	—	3 010
25 —	—	3 390
30 —	—	3 780
35 —	—	4 460
40 —	—	4 810
45 —	—	5 150
50 —	—	5 730
55 —	—	6 300
60 —	—	6 880

Gjaldskrá þessi gildir frá 1. október 1981 og þar til öðru vísi kann að verða ákveðið.

Menntamálaráðuneytið, 21. september 1981.

Ingvar Gíslason.

Knútur Hallsson.